

**Fundur vinnuhóps um leikskólamál haldinn í Þingborg 22. maí 2013 kl. 8.30**

Mættir: Aðalsteinn Sveinsson, oddviti, Karen Viðarsdóttir leikskólastjóri, Rannveig Bjarnfinnsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskóla, Ingunn Jónsdóttir fulltrúi foreldraráðs, Elín Höskuldsdóttir fulltrúi fræðslunefndar og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð. Einnig mætt Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, varamaður leikskólastjóra.

Aðalsteinn fór yfir forsögu málsins og ræddi um framhaldið. Rætt var um lengingu fæðingarorlofs og mögulega fækkun á yngstu börnum í leikskóla en í dag eru tekin inn börn frá 9 mánaða aldri. Farið yfir sérþarfir í starfi vegna þeirra.

Farið yfir minnisblað frá Mannvit dags. 25. maí 2011. Í minnisblaði eru hugmyndir um 80 m<sup>2</sup> viðbyggingu.

Rætt um mögulega nýtingu á núverandi húsnæði.

Rætt um vistun barna og möguleikum á aðstöðu fyrir þau á meðan framkvæmdum stendur. Einnig rætt um nauðsynlegt viðhald hússins. Mynda þarf lagnir, athuga með myglu í húsinu og annað ástand þess. Einnig þarf að mæla hljóðvist með það í huga að hljóðeinangra deildir betur.

Rætt um að fá aðila til að hanna útfærslu á breytingum á viðbyggingu og/eða nýbyggingu. Horft verði til útfærslu 2 samkvæmt minnisblaði Mannvits.

Samþykkt að fela Margréti að leita tilboða í hönnunarvinnu vegna úttektar á gamla húsi og endurbreytinga á húsnæðinu ásamt því að skoða möguleika á viðbyggingu.

Stefnt að því að hópurinn hittist aftur 28. maí 2013.

Aðalsteinn Sveinsson  
Karen Viðarsdóttir  
Hallfríður Ó. Aðalst.  
Rannveig Bjarnfinnsd.  
Ingunn Jónsd.  
Margrét Sigurðardóttir